# KOMDU LITLA KISA MÍN

Lag og texti:
Margrét Ólafsdóttir




**Krakki:** Komdu litla kisa mín,
komdu'að skoða blómin fín,
gul og rauð og græn og blá.
Gettu hvað þau nefna á.

**Kisa:** Hérna sé ég rauða rós,
rauða eins og bremsuljós
sem að bílum eru á.
Áttu fleiri blóm þér hjá?

**Krakki:** Komdu litla kisa........o.s.frv.

**Kisa:** Um höfin bláu bruna fley.
Blá er líka gleym-mér-ei.
Eins og himinn er að sjá.
Áttu fleiri blóm þér hjá?

**Krakki:** Komdu litla kisa.........o.s.frv.

**Kisa:** Fífillinn í grasi grær,
gul er líka sóley skær.

Krakki: Góð er blómaþekking þín.
Þú varst dugleg, kisa mín.

Ath: Samið fyrir 6-9 ára börn til að setja á svið. Hópnum skipt í tvennt. Annar hópurinn syngur fyrir kisu, hinn fyrir krakkann. Tvö börn leika látbragð.

Leikmunir: Úr kartoni: Skútur, bíll (með áberandi bremsuljósum), himinn,( í böndum uppi undir lofti. Málið smá ský inn á hann svo allir viti hvað þetta á að vera.) Grasflöt. ---- Búið til gríðastór blóm úr crep og silkipappír. ( Stærri en höfuð á barni ) Ef vill má semja texta inn í þetta til að lengja leikinn.